

# STARFSREGLUR FAGRÁÐA

## Iðunnar – fræðsluseturs

### 1. gr. MARKMIÐ OG GRUNDVÖLLUR

- 1.1 Starfsreglur þessar eru settar í samræmi við 19. gr. samþykktu fyrir Iðuna fræðslusetur.
- 1.2 Markmið starfsreglna fagráða er að tryggja faglega og samræmda starfsemi viðkomandi fagráða sem og umfjöllun þeirra mála sem borin eru fyrir þau.

### 2. gr. SKIPAN FAGRÁÐA

- 2.1 Innan Iðunnar starfa fimm fagráð. Hver hluthafi í viðkomandi iðngreinaflokki skipar fulltrúa, einn eða fleiri eftir ákvörðun fagráða hverju sinni til tveggja ára í senn.

Í fagráð Iðunnar er skipað með eftirfarandi hætti:

- Byggingar- og mannvirkiráð: SI, MFH og Samiðn
- Matvæli- og veitingar: SI, SAF og MATVÍS
- Málmur- og véltækni: SI og Samiðn, VM
- Prent- og miðlunráð: SI og GRAFÍA
- Bílgreinar: BGS og FIT

- 2.2 Laun eru ekki greidd fyrir setu í fagráðum. Heimilt er að veita fé til endurmenntunar með framþróun iðngreinaflokka í huga.

### 3. gr. HLUTVERK OG VERKSVIÐ FAGRÁÐA

- 3.1 Fagráðin starfa sem ráðgjafaráð IÐUNNAR gagnvart þörfum iðngreinaflokkanna. Fagráð skulu stuðla að því að þörfum greinanna sé mætt hverju sinni hvað varðar fræðsluþarfir, þjónustu og gæði.
- 3.2 Fagráð tekur þátt í að móta og gefa umsagnir um starfsáætlanir og fær reglulega kynningar á uppgjörum viðkomandi iðngreinaflokka og hvernig tekist hefur að mæta áætlunum.

### 4. gr. SKIPTING STARFA INNAN FAGRÁÐA

- 4.1 Fagráð kjósa formann og varaformann á fyrsta fundi ráðsins eftir aðalfund. Aldursforseti fagráðs stýrir fundi þar til formaður hefur verið kosinn og tekur formaður í kjölfarið við stjórn fundar.
- 4.2 Atvinnurekenda- og launþegasamtökin sem að Iðunni standa skiptast á um að tilnefna formann og varaformann fagráðs, þannig að þegar formaður kemur úr röðum atvinnurekenda er varaformaðurinn tilnefndur af launþegum og öfugt.

### 5. gr. BOÐUN OG FORM FAGRÁÐA

- 5.1 Fagráð skulu funda fjórum sinnum á ári og oftast ef þörf krefur.
- 5.2 Fundir skulu að öllu jöfnu haldnir í húsnaði Iðunnar.

- 5.3 Fundi skal boða með dagskrá með minnst þriggja daga fyrirvara. Starfsmaður Iðunnar boðar fundi og situr alla fundi Fagráða.
- 5.4 Formaður stýrir fundum en varaformaður í fjarveru formanns.
- 5.5 Fundargerðir skulu ritaðar á fundum og skal frágangi fundargerða að jafnaði lokið þremur dögum eftir fund og sendar fagráði í tölvupósti. Fundargerð síðasta fundar skal tekin fyrir í upphafi næsta fundar til samþykktar.

## 6. gr. ÁLYKTUNARBÆRNI OG ÁKVÖRÐUNARVALD FAGRÁÐA

- 6.1 Hver fulltrúi í fagráði fer með eitt atkvæði á fundum og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í öllu máli.
- 6.2 Fagráð er ákvörðunarbær þegar meirihluti ráðsins sitja fund, enda hafi fundur verið boðaður í samræmi við starfsreglur þessar. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þessa að allir ráðsins hafi haft tök á því að fjalla um málið.

## 7. gr. ÞAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

- 7.1 Á fagráðsmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, starfsfólk þess, einstakra fyrirtækja og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem meðlimir fagráða og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls.

Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

- 7.2 Fagráðsmaður skal varðveita öll gögn með tryggu hætti sem hann fær afhent til að gegna starfi sínu.

## 8. gr. STAÐFESTING OG GILDISTAKA

- 8.1 Þeir sem eiga sæti í stjórn Iðunnar við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit þeirra. Ef stjórn samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum.
- 8.2 Formenn fagráða bera ábyrgð á að kynna nýjum ráðsmönnum reglur þessar og skulu viðkomandi undirrita gildandi reglur því til staðfestu.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Iðunnar 23. maí 2022.